

Fyrirspurn

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um fyrirhugaða hækkun
virðisaukaskatts á ferðaþjónustu.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur verið kannað í hve ríkum mæli hótél og aðrir gististaðir höfðu þegar tekið fyrirhugaða hækkun virðisaukaskatts úr 7% í 14% inn í gjaldskrá sína áður en fallið var frá innheimtunni?
2. Hefur verið fylgst með því hvort hótél og gististaðir sem höfðu hækkað gjaldskrár eða boðað hækkun á gjaldskrá, til samræmis við fyrirhugaða hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu, hafa dregið þær hækkanir til baka eftir að fallið var frá innheimtunni?

